

Nd.

349. Breytingartillögur

[127. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, um breyt. á þeim lögum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. Við 1. gr. Við greinina bætist ný mgr. er orðist svo:

Nú nýtist námsmanni eða maka hans ekki námsfrádráttur samkvæmt þessum tölulið meðan á námi stendur og þá er honum heimilt að draga fjárhæð, er svarar hinum ónýtta námsfrádrætti, frá tekjum næstu fimm ára eftir að námi lýkur og skal við notkun þessarar heimildar taka tillit til þeirrar lækkunar í tekjuskattsstofni er foreldri námsmanna kynni að hafa notið skv. ákvæðum 4. tl. 1. mgr. 66. gr. Fjárhæð frádráttarins fyrir hvert þessara ára skal hækka eða lækka samkvæmt ákvæðum 26. gr.

2. Á eftir 1. gr. komi ný grein er verði 2. gr. og orðist svo:

Við 1. mgr. 1. tl. E-liðar 30. gr. laganna (sbr. i-lið 14. gr. laga nr. 7 22. febr. 1980) bætist nýr málslíður er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði þessarar málsgreinar skal ávallt heimilt að draga frá sem vaxtagjöld vexti og gjaldfallnar verðbætur af námslánnum sem veitt eru með heimild í lögum um námslán og námsstyrki.

3. Við 2. gr. Greinin (er verði 3. gr.) orðist svo:

67. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 2 500 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 20%, af næstu 3 000 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 30%, en af tekjuskattsstofni yfir 5 500 000 kr. reiknast 40%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. að upphæð 525 000 kr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 7% af tekjuskattsstofni og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

4. Við 3. gr. (er verði 4. gr.).

a) Í stað orðanna „greiðslu útsvars“ í 1. másl. 2. mgr. komi orðin: greiðslu kirkjugarðsgjalds, sóknargjalds og útsvars.

b) Í stað orðanna „sjúkratryggingagjald og útsvar“ í 3. másl. 2. mgr. komi orðin: sjúkratryggingagjald, kirkjugarðsgjald, sóknargjald og útsvar.

c) Aftan við greinina komi ný málsgrein er verði 3. mgr. og orðist svo:

Nú er innheimtuaðili kirkjugarðsgjalds eða sóknargjalds eða beggja þessara gjalda annar en innheimtuaðili þinggjalda skv. 109. gr. og skal þá ákvarða kirkjugarðsgjald það, sem nýta má til skuldajöfnunar skv. 1. eða 3. másl. 2. mgr., sem 1.5% af álögðu útsvari mannsins og sóknargjald að hámarki það sama og lægsta fjárhæð sóknargjalds sem innheimt er af innheimtuaðilum skv. 109. gr.

5. Við 4. gr. (er verði 5. gr.). Greinin orðist svo:

Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Barnabætur skulu nema 150 000 kr. með fyrsta barni en 215 000 kr. með hverju barni umfram eitt. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó vera 280 000 kr. með hverju barni án tillits til barnafjölda. Fyrir börn yngri en 7 ára í lok tekjuársins skulu barnabætur vera 65 000 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

6. Á eftir 6. gr. (er verði 7. gr.) komi ný grein er verði 8. gr. og orðist svo:

78. gr. laganna (sbr. 38. gr. laga nr. 7 22. febr. 1980) orðist svo:

Heimilt er mönnum að draga frá eignum sínum, sbr. 73. gr., innstæður sínar í bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga, svo og verðbréf, sem hliðstæðar reglur gilda um samkvæmt sérlögum, enda séu eignir þessar ekki tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

7. Á eftir 9. gr. (er verði 11. gr.) komi ný grein er verði 12. gr. og orðist svo:

58. gr. laga nr. 7 22. febr. 1980 breytist svo:

- 1) Úr 2. másl. greinarinnar falli niður orðin: og ákvæði 38. gr.
- 2) Síðasti másl. greinarinnar falli niður.